



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

GINGI teiknistofa
Aðalstræti 5
450 Patreksfjörður
Gingi11@simnet.is

Reykjavík, 12. mars 2025
MÍ202502-0152/ 6.06 / 3019

Brekkugata 7, Þingeyri – endurbætur ásamt hækkun þaks og kvistum

Í tölvupósti 18.2.2025 óskar Gunnlaugur Björn Jónsson eftir álitni Minjastofnunar Íslands vegna Brekkugötu 7 á Þingeyri. Með erindinu fylgja aðaluppdrættir GInga af breytingunni, dagsettir í febrúar 2025. Sótt er um leyfi til að gera hækka þak hússins í 48 gráður og koma fyrir kvistum á götuhlið og bakhlið þess. Um leið standa yfir endurbætur á húsinu en þegar hafa nýir gluggar verið smíðaðir og settir í húsið með tilliti til þess að það verði klætt með bárujárnri.

Brekkugata 7 er einlyft timburhús, kjallari og ris. Skv. Fasteignaskrá er það byggt árið 1920 og er því friðað skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita leyfis Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa, sbr. 2. mgr. 29. gr..

Minjastofnun Íslands heimilar hér með breytingar á Brekkugötu 7, samkvæmt uppdráttum GInga teiknistofu sem erindinu fylgdu. Frágangur ytri klæðningar, glugga, þakbrúna, dyra og svala skal taka mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deililausnum bárujárnsklæddra timburhúsa frá sama tíma.

Ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir í eldri hverfum sem hafa jarðrask í för með sér, ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu. Þá þarf fulltrúi Minjastofnunar Íslands að meta áhrif jarðrasks á mögulegar minjar áður en hafist er handa.

Virðingarfyllst,

f.h. Minjastofnunar Íslands

Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti :

Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar (kristjan@isafjordur.is)

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar (skipulag@isafjordur.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærarlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993.